

**92. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,  
Stillholti 16-18,  
1. október 2018 og hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir varaformaður, Ólafur Adolfsson aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi, Hafdís Sigurbórsdóttir fulltrúi og Sindri Birgisson umhverfisstjóri.

**Fundargerð ritaði:** Hafdís Sigurbórsdóttir, fulltrúi.

**Fyrir tekið:**

**1. 1809183 - Aðalsk. Flóahvefi breyting**

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Akraness 2005-2017 vegna stækkunar á Flóahverfi.

*Lögð fram skipulagslýsing vegna breytinga á að aðalskipulagi í Flóahverfi. Breyting felst m.a. í stækkun á landnotkunarreit og staðsetningu gróðurbelta.*

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að fyrirliggjandi skipulagslýsing verði auglýst til kynningar.*

**2. 1807128 - Deilisk. Flóahverfi - endurskoðun**

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Flóahverfis. Tillagan gerir ráð fyrir minnkun og fjölgun lóða.

*Lögð var fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi Flóahverfis sem unnin er af Teiknistofu arkitekta Gylfi Guðjónsson og félagar ehf. Breytingar felast m.a. í fjölgun og minnkun lóða og færslu á götu þ.a. lóðir geta verið sitthvorum megin við hana.*

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til að deiliskipulagsbreytingin verði kynnt og auglýst samhliða breytingu á aðalskipulagi við Flóahverfi, samanber 1. lið fundargerðar þessarar. (málsnr. 1809183)*

**3. 1809184 - Aðalsk. - Smiðjuvallasvæði breyting**

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Akraness 2005-2017 vegna Smiðjuvallasvæðis.

*Lögð fram skipulagslýsing vegna breytinga á að aðalskipulagi við Smiðjuvallasvæði. Breytingar felast m.a. í því að landnotkunarreitir eru sameinaðir og skipulagsákvæðum breytt þannig að þar verði gert ráð fyrir blandaðri landnotkun, svæði 16 fært í austur og svæði V9 leiðrétt í samræmi við rétta afmörkun lóða.*

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að fyrirliggjandi skipulagslýsing verði auglýst til kynningar.*

**4. 1805071 - Deilisk. Smiðjuvalla - breyting**

Kynnt breyting á deiliskipulagi Smiðjuvalla.

Lögð var fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi Smiðjuvalla sem unnin er af Ask arkitektum ehf.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til að deiliskipulagsbreytingin verði kynnt og auglýst samhliða breytingu á aðalskipulagi við Smiðjuvallasvæði, samanber 3. lið fundargerðar þessarar. (málsnr. 1809184)*

## 5. 1809198 - Jólaskraut

Endurnýjun jólaskrauts.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð að viðbótarkostnaði 2.5 m.kr vegna kaupa á jólaskrauti við Akratorg og nærliggjandi svæði verði settur inn í viðauka fjárhagsáætunar 2018. Bent er á að hægt er að lækka gjaldfærða framkvæmdaáætlun á móti í liðnum Stillholt 16-18 vegna viðhalds.*

## 6. 1703210 - Reglur um bílastæði innan lóðar.

Byggingarfulltrúi leggur fram tillögu að reglum um bílastæði innan lóðar.

*Byggingarfulltrúi lagði fram tillögu að reglum um bílastæði innan lóðar. Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að þessar reglur verði hafðar til hliðsjónar varðandi afgreiðslu á bílastæðum innan lóða.*

## 7. 1808213 - Dalbraut 16 - lóðarleigusamningur endurnýjun

Umsókn um endurnýjun lóðarleigusamnings.

*Skipulags- og umhverfisráð vill að við endurnýjun á ofangreindum samningi verði tekið tillit til fyrirhugaðra skipulagsbreytinga á svæðinu. Lóðarleigusamningur verður borinn undir skipulags- og umhverfisráð til endanlegrar staðfestingar.*

## 8. 1809152 - Sandabraut 11 - lóðarleigusamningur endurnýjun

Óskað er eftir heimild til að endurnýja lóðarleigusamning fyrir Sandabraut 11.

*Skipulags- og umhverfisráð gerir ekki athugasemd við endurnýjun á ofangreindum samningi.*

## 9. 1809169 - Sandabraut 17 - lóðaleigusamningur endurnýjun

Óskað er eftir heimild til að endurnýja lóðarleigusamning fyrir Sandabraut 17.

*Skipulags- og umhverfisráð gerir ekki athugasemd við endurnýjun á ofangreindum samningi.*

## 10. 1809176 - Skagabraut 50 - lóðarleigusamningur endurnýjun

Ósk um heimild til að endurnýja lóðarleigusamning á Skagabraut 50.

*Skipulags- og umhverfisráð gerir ekki athugasemd við endurnýjun á ofangreindum samningi.*

## 11. 1809170 - Skagabraut 31 - lóðarleigusamningar endurnýjun

Ósk um heimild til að endurnýja lóðarleigusamning fyrir Skagabraut 31.

*Skipulags- og umhverfisráð gerir ekki athugasemd við endurnýjun á ofangreindum samningi. Gildistími verður frá undirritun lóðarleigusamnings.*

## 12. 1809151 - Presthúsabraut 32 - lóðarleigusamningur endurnýjun

Óskað er eftir heimild til að endurnýja lóðarleigusamning fyrir Presthúsabraut 32.

*Skipulags- og umhverfisráð gerir ekki athugasemd við endurnýjun á ofangreindum samningi.*

**13. 1809179 - Stillholt 4 - lóðarleigusamningur endurnýjun**

Óskað er eftir heimild til að endurnýja lóðarleigusamning fyrir Stillholt 4.

*Skipulags- og umhverfisráð gerir ekki athugasemd við endurnýjun á ofangreindum samningi.*

**14. 1809188 - Stillholt 6 - lóðarleigusamningur endurnýjun**

Óskað er eftir heimild til að endurnýja lóðarleigusamning fyrir Stillholt 6.

*Skipulags- og umhverfisráð gerir ekki athugasemd við endurnýjun á ofangreindum samningi.*

**15. 1809203 - Ljósleiðari á Akranesi (ljósnet.)**

Bréf Mílu ehf. dags. 17. september s.l., varðandi framkvæmdir á ljósleiðara og forgangsröðun á næstu árum.

Málinu frestað.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:00.

*Ragnar Ólafsson —  
Gestur Jón. Jóhannesson  
Ólafur Ólafsson  
Steinar Þorsteinsson  
Jóndur Birgisson  
Sigrún Þórharsdóttir.  
Rafnur Sigurbjörnsdóttir.*